



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

18
11 20
21

Víkingur og Adès



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

Rakastava: 15'

Ofviðrið: 15'

Dawn: 7'

In Seven Days: 28'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website: **en.sinfonia.is**



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

18|11

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

RAUÐA RÖÐIN

Víkingur og Adès

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Thomas Adès
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Efnisskrá

Jean Sibelius

Rakastava (Elskhuginn, 1894/1911)

Elskhuginn (Andante con moto)
Stígur elskendanna (Allegretto)
Góða nótt – vertu sæl (Andantino)

Jean Sibelius

Ofviðrið, svíta nr. 2 (1925–26)

Kór vindanna
Millispil
Gyðjudansinn
Prosperó
Söngur I
Söngur II
Míranda
Vatnadsírnar
Dansþáttur

Thomas Adès

Dawn (Dögum, 2020)

Hlé

Thomas Adès

In Seven Days (Á sjö dögum, píanókoncert, 2008)

- Kaos – Ljós – Myrkur –
- Aðgreining vatnanna í sjó og himin –
- Jörð – Gras – Tré –
- Stjörnur – Sól – Tungl –
- Fúga – Skepnur sjávar og himins –
- Fúga – Skepnur jarðar –
- Hugleiðing



Thomas Adès

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Thomas Adès hefur um áratuga skeið verið meðal virtustu tónskálda Bretlands auk þess að vera afburða hljómveitarstjóri og píanóleikari. Hann vakti fyrst verulega athygli þegar hann vann til verðlauna í BBC Young Musician of the Year-keppninni 1989. Sama ár hóf hann háskólanám við King's College í Cambridge og lauk þaðan námi með ágætiseinkunn. Hann skaust skjótt upp á stjörnuhimininn að loknu námi og hlaut fjölda pantana, meðal annars frá Birmingham-sinfóníuhljómveitinni og Sir Simon Rattle, sem hefur verið einn dyggasti stuðningsmaður hans um langt árabil. Meðal annars valdi Rattle *Asyla* eftir Adès sem fyrsta tónverkið sem hann stjórnaði sem aðalstjórnandi Fílharmoníusveitarinnar í Berlín árið 2002.

Verk Adèsar hafa verið flutt af öllum helstu hljómveitum heims, og óperur hans, *Powder her Face*, *Ofviðrið* og *The Exterminating Angel* hafa vakið gríðarmikla athygli. Þá hafa verk hans hljómað í öllum helstu tónleikasölum og hátíðum heims, meðal annars í Carnegie Hall, Covent Garden í Lundúnum og Fílharmoníunni í Berlín. Hann hefur verið staðartónskáld hjá Fílharmoníusveitinni í Los Angeles og Sinfóníuhljómveitinni í Boston. Þá hefur hann stjórnað fjölda hljómveita í eigin verkum og annarra, meðal annars Birmingham-sinfóníuhljómveitinni, Kammerhljómveit Evrópu, Lundúnasinfóníunni og Þjóðarhljómveit Frakklands. Adès hlaut tvö af stærstu verðlaunum klassíska tónlistarheimsins árið 1999, Ernst von Siemens-verðlaunin og Grawemeyer-verðlaunin. Adès hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómveit Íslands, í Háskólabíói haustið 2007.



Víkingur Heiðar Ólafsson

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson hefur vakið heimsathygli á undanföllum árum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og framsýni í verkefnavali. Hann hefur hljóðritað fjórar plötur fyrir Deutsche Grammophon sem allar hafa hlotið frábærar viðtökur og hefur þeim samtals verið streymt yfir 260 milljón sinnum: *Philip Glass Piano Works* (2017), *Johann Sebastian Bach* (2018), *Debussy / Rameau* (2020) og *Mozart & Contemporaries* (2021). Dagblaðið *The Daily Telegraph* hefur kallað hann „hina nýju súperstjörnu klassíska píanóheimsins“ og *The New York Times* sagði hann vera „Glenn Gould Íslands“.

Víkingur Heiðar hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna. Hann var meðal annars valinn listamaður ársins hjá *Gramophone*-tímaritinu árið 2019 og hefur tvívegis hlotið Opus Klassik verðlaunin fyrir bestu einleiksplötu, auk verðlaunanna Plata ársins hjá *BBC Music Magazine*. Víkingur Heiðar hefur leikið einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims og verið staðarlistamaður við tónlistarhús á borð við Konzerthaus í Berlín. Þá hefur hann deilt ástríðu sinni fyrir tónlist gegnum sjónvarps- og útvarpsþætti, og má þar nefna þættina *Útúrdúr* á RÚV, *Píanógoðsagnir* á Rás 1 og *Front Row* á BBC Radio 4 þar sem hann var staðarlistamaður um þriggja mánaða skeið.

Víkingur Heiðar er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22 og flytur þrjá nýja eða nýlega píanókonserta eftir Thomas Adès, Daníel Bjarnason og John Adams undir stjórn tónskáldanna sjálfra.



Jean Sibelius

RAKASTAVA (ELSKHUGINN)

Eins og fleiri tónskáld á síðari hluta 19. aldar heillaðist Jean Sibelius (1865–1957) af menningararfi þjóðar sinnar, þjóðkvæðum og þjóðlögum af ýmsum toga. Kvæðabálgurinn *Kalevala* var honum hugstæður alla tíð og þangað sótti hann innblástur í ýmis tónverk, bæði stór og smá, til dæmis risavaxna óratóriuna *Kullervo* og hljómsveitarverk á borð við svítuna *Lemminkainen*. Einkenni þjóðararfsins eru órjúfanlegur hluti af tónmáli Sibeliusar og setja einnig svip á þau verka hans sem ekki tengjast beint finnskum þjóðararfi.

Þríþáttungurinn *Rakastava* (Elskhuginn) á sér fremur óvenjulega sögu. Árið 1894 samdi Sibelius kórverk fyrir tónsmíðakeppni sem Háskólaakórinn í Helsinki efndi til. Textana valdi hann sjálfur úr þjóðkvæðasafninu *Kanteletar*, sem hinn mikilvirki safnari Elias Lönnrot gaf út árið 1840 og er eins konar systurbálgur *Kalevala*. Í erindunum sem Sibelius valdi í kórverk sitt leitar ungur maður að ástvinu sinni, fetar slóð hennar gegnum skóga og yfir fjöll. Að lokum sameinast þau í fögrum ástarsöng þar sem tenór og mezzósópran fara með einsöngsstrófur. Kórverkið varð flóknara en Sibelius hafði upphaflega gert ráð fyrir, og ekki féll það betur í kramið hjá dómnefndinni en svo að því voru veitt önnur verðlaun. Síðar útsetti Sibelius verkið fyrir karlakór og árið 1911 vann hann tónefnið að nokkru leyti upp á nýtt í verki fyrir strengjasveit og slagverk sem hljómar á tónleikunum í kvöld.

Strengjaverkið var fullgert í janúar 1912 en illa gekk að finna því útgefanda; forleggjari Sibeliusar í Berlín sagði verk fyrir strengjasveit löngu komin úr tísku. Nú til dags eru flestir á því að verkið sé einkar vel heppnað, ljóðrænt með tregafullum undirtóni sem hæfir yrkisefninu. Sibelius vinnur úr stefjum kórverksins á ýmsa lund og gætir þess að eiginleikar strengjahljóðfæranna njóti sín vel. Fyrsti þáttur er ljóðrænn, með veiku strengjaspili og nokkrum áhrifamiklum hápunktum. Miðkaflinn hefur léttara yfirbragð og í lokaþættinum bregða einleiksfiðla og -selló sér í hlutverk elskendanna. *Rakastava* lýkur með hjartnæmri kveðjustund þar sem hljóðfærin hafa orðið til skiptis og falla loks í faðma í lokatöktunum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rakastava-svítan hefur tvísvar sinnum hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, undir stjórn James Gaffigan í Háskólabíói árið 2010 og Önnu-Mariu Helsing í Eldborg árið 2017. Verkið hefur þó heyrst oftast á Íslandi. Í desember 1945 lék Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík það í hátíðarsal Háskólans á tónleikum í tilefni áttæðisafmælis Sibeliusar. Finlandia-sinfóníettan flutti *Rakastava* í Langholtskirkju 1992 og Kammersveit Reykjavíkur í Íslensku óperunni árið 1995.

Jean Sibelius

OFVIÐRIÐ, SVÍTA NR. 2

Jean Sibelius var eitt af langlífari tónskáldum tónlistarsögunnar. Hann var á 92. aldursári þegar hann lést á heimili sínu árið 1957, en þá voru liðin ríflega 30 ár frá því að hann lét frá sér sín síðustu verk, tónaljóðið *Tapiola* og leikhústónlist við *Ofviðrið*. Tónlistarunnendur um allan heim biðu í ofvæni eftir nýrri símfóníu sem sagt var að Sibelius hefði í smíðum en sjálfur ákvað hann að komið væri nóg. Að sögn Aino, eiginkonu Sibeliusar, safnaði hann saman ótal nótnablöðum, líklega að símfóníunni langþráðu, hlóð í bálköst nærri heimili sínu og kveikti í, sennilega um 1940. Þess eru fá dæmi að tónskáld hætti störfum á besta aldri; raunar er aðeins eitt annað dæmi meðal frægustu tónskálda sögunnar. Gioachino Rossini dró sig í hlé frá óperusmíðum aðeins 37 ára en hélt þó áfram að semja smærri tónverk sér til ánægju.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur svíta Sibeliusar úr leikhústónlistinni við *Ofviðri* Williams Shakespeare hefur aðeins einu sinni hljómað á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands, undir stjórn Dima Slobodeniouk árið 2016. Petri Sakari flutti fyrri svítuna með hljómsveitinni á tónleikum í Háskólabíói í lok janúar 1997 og stjórnaði síðan báðum svítunum í hljóðritun fyrir Naxos-útgáfuna aldamótaárið 2000.

Tónlist Sibeliusar við *Ofviðri* Shakespeares var frumflutt í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn 16. mars árið 1926. Leikrit Shakespeares, sem talið er eitt hans síðasta verk, fjallar um Prosperó, hertoga af Milánó, sem bróðir hans Antóníó rænir völdum og sendir á haf út í fleytu ásamt dótturinni Míröndu. Þau taka land á eyju nokkurri þar sem Prosperó í krafti töframáttar síns tekur öll völd og neyðir tvær verur til þjónustu við sig; andann Aríel og Kalíban, son nornarinnar Sycorax. Prosperó töfrar fram storm sem skolar fjendum hans upp á strönd eyjarinnar. Með hjálp Aríels refsar Prosperó hinum seku, Míranda og Ferdínand heitbindast og Prosperó endurheimtir hertogadæmi sitt.

Tónlist Sibeliusar er nokkuð viðamikil, telur samtals 35 atriði en flest eru þau stutt, taka eina til tvær mínútur í flutningi. Hann gerði síðar úr efninu tvær hljómsveitarsvítur og er röð kaflanna þar ekki sú sama og í leikritinu. Þættirnir í svítu nr. 2 eru stuttar og hógværar stemningsmyndir þar sem meðal annars bregður fyrir ljúfum dönsum gyðja og vatnadísa. Þess má til gamans geta að Thomas Adès hefur sjálfur samið glæsilega óperu við *Ofviðri* Shakespeares, sem var frumflutt við óperuhúsið í Covent Garden árið 2004.



Thomas Adès

DAWN

Dawn eða *Dögun* er eitt nýjasta hljómsveitarverk Thomasar Adès (f. 1971). Hann samdi verkið sérstaklega fyrir Proms-tónleikaröð BBC og var það frumflutt í Royal Albert Hall í ágúst 2020, leikið af Sinfóníuhljómsveit Lundúna undir stjórn Sir Simon Rattle. Vegna þeirra takmarkana sem þá ríktu í tónleikahaldi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru tók tónskáldið óvenjulega ákvörðun og samdi verk sitt fyrir hljómsveit sem má vera fjölmenn eða fámenn allt eftir aðstæðum, og með hvaða þeirri fjarlægð milli hljóðfærleikara sem reglur gera ráð fyrir.

Undirtitill verksins er „Chacony for orchestra at any distance.“ Chacony eða sjakonna er tónlistarform frá barokktímanum, þar sem sami hljómagangur er endurtekinn hvað eftir annað en með nýjum tilbrigðum í hvert sinn. Adès lýsti hugmyndinni að baki verkinu þannig að hann ímyndaði sér sólarupprás sem ferðast yfir hnöttinn á einum sólarhring og bregður birtu á hvern kima jarðarkringlunnar, einn af öðrum.

Thomas Adès

IN SEVEN DAYS, PÍANÓKONSERT

Píanókonsertinn *In Seven Days* (Á sjö dögum) eftir Thomas Adès var frumfluttur árið 2008. Það liggur vel fyrir Adès að semja fyrir píanó enda er hann sjálfur afburða píanóleikari og hefur haldið einleikstónleika meðal annars í Carnegie Hall. Árið 2018 samdi hann annan píanókonsert fyrir Kirill Gerstein og Sinfóníuhljómsveitina í Boston og hlaut hann afbragðs góðar viðtökur rétt eins og sá fyrri.

In Seven Days er í sjö þáttum sem mynda eina samhangandi heild og spegla sjö daga sköpunarsögunnar samkvæmt Fyrstu Mósebók. Upphafið (Kaos – Ljós – Myrkur) hefst með því sem tónskáldið kallar „bylgjur“ í strengjum, þær virðast óreiðukenndar í fyrstu en taka smám saman á sig agaðra form. Næsti hluti (Aðgreining vatnanna í sjó og himin) lýsir sterkum andstæðum; hann hefst því með glitrandi hendingum á efsta tónsviði píanósins yfir hægum og djúpum tónum. Hraðar píanórunur á háu tónsviði eru einnig áberandi í fjórða hluta (Stjörnur – Sól – Tungl) enda fer vel á því að kalla fram glitrandi tónavef þegar lýsa á blikandi stjörnum. Næstu tveir hlutar eru fúgur þar sem meginstef ferðast milli ólíkra hljóðfæra. Lokapáttur verksins er hugleiðing þar sem sjö tóna stef eru áberandi. Undir lokin hljómar bergmál upphafstónanna sem gefur til kynna að sköpunarsagan sé þrátt fyrir allt eins konar hringrás.

In Seven Days hljómaði fyrst í Royal Festival Hall í Lundúnum í flutningi Nicolas Hodges og Sinfóníettu Lundúna undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Upphaflega fylgdi konsertinum vídeóverk eftir Tal Rosner, en þess má geta að Rosner hannar útlit *Valkyrjunnar* eftir Richard Wagner sem flutt verður á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík í febrúar á næsta ári.

Arni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Bæði Dawn og *In Seven Days* hljóma í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi í kvöld. Áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið verkið *Asyla* og fiðlukonsertinn *Concentric Paths* eftir Adès undir stjórn tónskáldsins sjálfs (2007), *Polaris* undir stjórn Petri Sakari (2017) og þátt úr *Three Studies from Couperin* undir stjórn Evu Ollikainen (2021). Píanókvintett hans hljómaði í flutningi Víkings Heiðars Ólafssonar og fleiri hljóðfæraleikara á fyrstu Midsummer Music-hátíðinni í Hörpu sumarið 2012.

18 11 20 21 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pétur Björnsson
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Júlfana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Mark Reedman
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Hrafnhildur Atladóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Ríta Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Lucja Koczo

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Louis Baumann
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Daniel Egan
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson
Kjartan Guðnason

Cymbalom

Frank Aarnink

Ásthildur Ákadóttir flettari
Sigurður Kristinnsson píanóstillir

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri
Daníel Bjarnason listamaður í samstarfi
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld
Vikingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

Framkvæmda- og skrifstofufuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkeldsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Inga María Leifsdóttir markaðsfulltrúi
Sverrir Hjálmarsson mannaútsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen nótnavörður
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir sviðsstjóri

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter

AND THE
PHILOSOPHER'S
STONE.

— IN CONCERT —

25., 26. OG 27. NÓVEMBER

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s21)